

Sp. 221. Tillaga til þingsályktunar [100. mál]

um fiskileit á Breiðafirði.

Flm.: Benedikt Gröndal, Sigurður Ágústsson, Ásgeir Bjarnason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fram fara rannsókn á humar-, rækju- og smásildarmagni í Breiðafirði og við Snæfellsnes til að kanna grundvöll fyrir niðursuðuverksmiðju í Stykkishólmi.

G r e i n a r g e r ð .

Reynsla undanfarinna ára hefur sýnt, að mikinn hluta ársins er atvinna lítil í Stykkishólmi. Vélbátaútgerð hefur farið minnkandi, enda miklu lengri sókn á mið en frá verstöðvum vestar á Snæfellsnesi. Reynt hefur verið að tryggja jafna atvinnu með útgerð togarans Þorsteins Þorskabíts, en framtíð þeirrar útgerðar er tvisín. Af þessum sökum er brýn þörf á aukinni fjölbreytni í atvinnulífi staðarins.

Síðastliðið haust hélt hreppsnefnd Stykkishólms fund, þar sem mættir voru atvinnurekendur staðarins, og var rætt um framtíð atvinnulífsins þar. Fundurinn samþykkti tillögu, þar sem farið var fram á þá leit að humar-, rækju- og smásildarmiðum í Breiðafirði, sem þessi þáttill. fjallar um. Var helzt bent á þessa leið til þess að auka fjölbreytni atvinnulífsins og tryggja atvinnu árið um kring í Stykkishólmi.